Netbókanir upplifana í borðabókunum

Síðast uppfært 08/07/2026 3:26 pm BST


Í Noona HQ getur þú sett upp viðburði/upplifanir sem viðskiptavinir geta bókað í gegnum á netinu. Það eru tvær megingerðir af reglum sem þú myndir setja upp.

1. **Upplifanir á ákveðinni dagsetningu og tíma**
2. **Upplifanir sem eru í boði yfir ákveðiði tímabil**

Hér fyrir neðan förum við í gegnum báðar stillingar skref fyrir skref.


Viðburðir á ákveðinni dagsetningu og tíma

Ef viðburður á t.d. að vera bókanlegur 31. desember kl 18 og 20 þá byrjar þú að stofna nýtt **sniðmát fyrir reglusett**




Þar setur þú upp reglu fyrir **netbókanir** með því að smella á +Bæta við


- Þar myndir þú stilla að tímasetningin á viðburðinum sé frá 18:00 til 18:15
- Passa að velja rétt borð
- Velja upplifunina/viðburðinn sem þessi regla tengist




Síðan myndir þú búa til alveg eins reglu nema tímasetningin væri frá 20:00 til 20:15 og þá myndi sniðmátið á reglunni líta svona út:




Til þess að upplifunin sé einungis bókanlegur 31. desember myndir þú síðan smella á þrjá punktana hægra megin á sniðmátinu -> Bæta við tímabili -> og setja upphafs og loka dagsetninguna sem 31. desember.






Þá kemur þetta svona út í bókunarferlinu:



Upplifanir á ákveðnu tímabili

Hér tökum við dæmi um upplifun sem á að vera bókanlegur allar helgar í nóvember frá kl 14 til 20.


Þá byrjar þú að stofna nýtt **sniðmát fyrir reglusett**



Þar setur þú upp reglu fyrir **netbókanir** með því að smella á +Bæta við




- Þar myndir þú stilla að tímasetningin á upplifuninni sé frá 14 til 20:15
- Passa að velja rétt borð
- Velja upplifunina/viðburðinn sem þessi regla tengist




Til þess að upplifunin sé einungis bókanlegur um helgar í nóvember myndir þú síðan smella á þrjá punktana hægra

megin á sniðmátinu -> Bæta við tímabili -> og setja upphafs dagsetninguna sem 1. nóv og loka dagsetninguna sem 30. nóv og velja einungis laugardaga og sunnudaga.




Þá kemur þetta svona út í bókunarferlinu á öllum laugardögum og sunnudögum í nóvember:




Lokað á aðrar bókanir á meðan upplifun er í gangi

Ef þú vilt vera með lokað á hefðbundnar bókanir á meðan upplifunin er í gangi þá myndir þú stofna annað reglusett sem skilgreinir lokunina.


Til að loka á venjulegar bókanir á meðan Helgar Pop-up viðburður er í gangi á laugardögum og sunnudögum í nóvember, þarf að búa til sérstakt sniðmát fyrir netbókanir sem inniheldur engan viðburð.



Síðan þarf að passa að stilla aftur dagsetningarnar á þessari reglu með því að smella á þrjá punktana hægra megin á sniðmátinu.



Þá lítur dagurinn svona út í bókunarferlinu á öllum laugardögum og sunnudögum í nóvember:



Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða pælingar vakna